

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Ásabyggð 32-42.*

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi frístundahverfisins Ásabyggðar. Skipulagssvæðið er 13,3 ha og var gert ráð fyrir 45 frístundahúsum á 39 lóðum. Svæðið sem breytingin tekur til er um 5,9 ha að stærð. Í breytingunni felst skilgreining þriggja nýrra lóða fyrir orlofshús og einnar fyrir þjónustuhús auk þess sem gerðar eru breytingar á núverandi lóðarmörkum og byggingarreitum þegar byggðra húsa innan fyrrgreinds svæðis með það markmið að hús séu staðsett innan byggingarreita og hafi afmarkaða lóð. Samhliða er skilgreind heimild fyrir lagningu nýs aðkomuvegar sunnan við svæðið auk nýrrar göngu- og hjólaleiðar. Samþykkt í sveitarstjórn 25. maí 2022.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 4. október 2022.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 18. október 2022